

Ímyndir og sjónsköpun

Aðferðir sem skila árangri fyrir nemendur, sem læra best námsefni í myndrænu formi

Ég hata orð, þau rugla myndirnar (Ed, lesblindur nemandi)

Flestir eru líklega sammála um áhrifamátt myndmálsins. Við lifum í heimi mynda þar sem fjölmiðlar eins og sjónvarp eru miklir áhrifavaldar. Dýralífsþættir Attenboroughs eru gott dæmi um hvernig hægt er að gera fræðslu lifandi og skemmtilega með myndum. Sjónsköpun (visualisation) er vafalaust mikilvægt tæki til náms og nýsköpunar en líklega vanmetið í mörgum skólum. Margir lesblindir en ekki allir hugsa í myndum. Þegar þeir heyra orðið fiskur þá sjá þeir fyrir sér fisk. Þessir einstaklingar skapa kvikmyndir í huganum þegar þeir hlusta á upplýsingar eða leita sér innblásturs. Þó að nemendur noti ekki sjónsköpun fyrirvaralaust er hægt að kenna þeim að gera það svo og að nýta öll skynfæri til að gera allt nám lifandi.

Hvernig hægt er að þróa afl myndmálsins

Eftirfarandi sex þrepa aðferð til að þjálfra myndræna hugsun er einnig notuð sem slökunaraðferð (sjá t.d. Sjálfstjórn og heilsa eftir Sæmund Hafsteinsson og Jóhann Inga Gunnarsson). Þessa aðferð er einnig hægt að nota við æfingar í leikrænni tjáningu.

1. *Sitjið þægilega og slakið á.*
2. *Dragið djúpt inn andann, alveg ofan í maga að minnsta kosti 6 sinnum.*
3. *Lokið augunum.* (Nemendum getur þótt það óþægilegt nema að kennarinn loki líka augunum).
4. *Kallið fram mynd af hlut eða aðstæðum í hugann.* (Ef markmiðið er slökun getur kennarinn stungið upp á einhverju t.d. að liggja á strönd eða sitja undir tré. Ef markmiðið er að æfa hugaraugað þá ætti að hvetja nemendur að sjá fyrir sér ákveðna mynd t.d. fullkomna rós, skál með jarðarberjum, varðeld eða sofandi kött.)
5. *Skapið nákvæma mynd með því að nota öll skynfærin. Hvaða lit hefur hluturinn? Er rjómi á jarðarberjunum eða sykur? Malar kötturinn? O.frv. (Það þarf að aðstoða nemendur að sjá hlutinn, finna fyrir honum, finna bragð, finna lykt o.frv. með því að leiða þá áfram. Eruð þið að fara að borða jarðarberin? Smá kímni hjálpar til.*
6. *Opnið augun. Haldið ímyndinni fastri með að teikna hana, gera hugarkort eða lýsa henni fyrir sessunaut ykkar.* (Kennari talar þetta til nemenda)
7. *Notið nokkrar sekúndur til að fullgera og bæta við einhverju sem kemur upp í hugann.* (Kennari talar þetta til nemenda)

Allir geta þróað með sér hæfileikann að sjá fyrir sér myndir. Sjónrænir nemendur eru nú þegar snjallir en nemendur, sem finnst best að læra með því að hlusta og tala, geta einnig náð góðum árangri. Þetta er líka tækni sem hægt er að nýta við skapandi skrif hvort sem verið er að semja ljóð eða bæta lýsandi smáatriðum við sögu. Það er hægt að nýta sjónsköpun við allar námsgreinar allt frá vísindum til bókmennta.

Eitt af hlutverkum kennara er að gera efnisatriði námsgreina raunveruleg. Það er því gagnlegt og oft skemmtilegt að æfa sjónsköpun. Alltaf skal byrja á því að anda djúpt og einbeita sér. Alltaf að ímynda sér hugann eins og kvikmyndatjald eða sjónvarpsskjá. Hér eru nokkrar hugmyndir fyrir kennara að nota við þjálfun nemenda.

- Sjáðu fyrir þér leikfangabíl; bættu við einum bíl og einum enn. Eru þeir eins á litinn? Skoðaðu hvern þeirra. Hvaða tegund er hann? Skoðaðu alla þrjá. Eru þeir jafn stórir? Er þeim lagt í röð? Raðaðu þeim upp eins og þú vilt hafa þá. Þegar þú hefur skoðað þá vel opnaðu augun og teiknaðu þá.
- Sjáðu fyrir þér bröndóttan kött; breyttu honum í svartan kött. Settu hvítan blett á nefið og fremst á loppurnar. Láttu köttinn leggjast niður. Settu rauðan púða undir köttinn. Breyttu púðanum í grænan púða. Breyttu púðanum í blátt lítið teppi. Núna skaltu ímynda þér að kötturinn standi upp og gangi út úr myndinni þinni en eftir verði bláa teppið.
- Leiktu þér með óhlutbundin form. Búðu til línu í huganum. Hreyfðu hana þannig að hún myndi hring. Strokaðu burt helminginn af hringnum. Bættu við línu þannig að úr verði hálfmáni. Litaðu hálfmánann með silfurlit. Settu hálfmánann ofan á svart ský ... og þannig er hægt að halda áfram.

Myndirnar verða eins líflegar og nemendur gera þær. Möguleikarnir eru margvíslegir og margir nemendur hafa gaman að sjónsköpun.

Það er líka hægt að nýta sjónsköpun til að byggja upp sjálfstraust og öryggi við aðstæður sem viðkomandi upplifir sem ógnandi. Einstaklingur sér þá sjálfan sig takast á jákvæðan hátt við þessar ógnvekjandi aðstæður. Hann sér sjálfan sig bregðast við aðstæðum frá upphafi til enda. Hann leikur hlutverkið aftur og aftur í huganum. Þetta byggir upp sjálfstraust og þjálfar um leið viðbrögð við raunverulegar aðstæður. Margir lesblindir nemendur upplifa t.d. próf sem ógnvekjandi einnig að þurfa að kynna verkefni sín frammi fyrir hópi samnemenda sinna. Margir þeirra eru aftur á móti mjög færir í sjónsköpun og hafa líflegt ímyndunarafli, slíkar æfingar geta hjálpað þeim að byggja upp sjálfstraust og bæta frammistöðu. Æfingar eins og þessar eru oft nefndar hugþjálfun og má einnig nýta til að bæta frammistöðu í íþróttum. (Sjá t.d. Sjálfstjórn og heilsa eftir Sæmund Hafsteinsson og Jóhann Inga Gunnarsson).

Kennslu- og námstækni til að styrkja sjónræna nemendur

Eftirfarandi umfjöllun skiptir í þrjú hluta í samræmi við þrjú þrep náms:

Móttaka upplýsinga	–	framsetning námsefnis
Ferlun upplýsinga	–	geymsla og upprifjun
Miðlun upplýsinga	--	tjáning

Móttaka upplýsinga – framsetning námsefnis

Lesblindur nemandi getur átt í miklum erfiðleikum með nám þegar kennari talar mikið og ætlast til að nemandinn skrifi niður glósur af glærum eða töflu. Fyrir nemendur sem eiga auðveldast með að læra sjónrænt er vel framsett myndrænt námsefni ómissandi. En ekki er nóg að huga að myndum heldur þarf að láta lofta vel um texta og myndir, nota skýrt letur (t.d. leturgerð arial og calibri) og liti t.d. til að aðgreina efnisatriði. Það hjálpar nemendum ef að texti er aðgreindur með því að nota láréttar og lóðréttar línur eða mismunandi liti. Margir lesblindir nemendur eiga í erfiðleikum með að vinna með lesefni með mikið af þekkingaratriðum þar sem upplýsingum er þétt raðað á blaðsíðuna og skiptir þá ekki máli hvort um sé að ræða myndir eða texta. Of mikið af upplýsingum á sama stað veldur kvíða, eyður skapa öryggi og ró.

Hægt er að auðkenna lykilorð með lit eða strika undir þau. Æskilegt er að hvetja nemendur til þess að gera það sjálfa því það virkjar þá og bætir úrvinnslu þeirra á námsefninu. Það er hægt að nýta myndræna framsetningu við næstum allar námsgreinar, líka tungumálanám þó að þar sé áherslan á orð en ekki myndir.

Æskilegt er að nýta línurit, skýringamyndir, gröf og kvikmyndir, einnig ýmiss konar tákni til að styðja við texta. Nemendur ættu að fá reglubundin hlé frá lestri eða fyrirlestri kennara til að draga saman helstu atriði, ýmist getur kennari gert það eða nemendur sjálfir. Líka er gott að gefa nemendum tækifæri að teikna hjá sér sína eigin mynd eða ímynd af nýjum hugtökum eða orðum, ýmist við hlið orðsins eða t.d. aftan á spjald þar sem hugtakið er skrifað.

Ápreifanlegur stuðningur fyrir sjónræna nemendur

Það að vera sjónrænn nemandi er ekki það sama og hafa fullkomna sjón. Það getur verið mikið álag á augu nemenda sem treysta mjög á sjónminnið. Margir lesblindir nemendur eiga erfitt með að lesa texta sem er prentaður á glansandi hvítan pappír og sumir eru mjög viðkvæmir fyrir birtu t.d. frá flúorljósum. Nemendur upplifa stundum að stafir fari á hreyfingu eða sjá þá í móðu. Einnig hafa nemendur nefnt að augun leiti í hvíta bilið á milli línanna svo að nemandinn á í miklum erfiðleikum með að einbeita sér að textanum. Það er ótrúlegt hvað það getur hjálpað nemanda mikið ef hann sleppur við glampann af hvítum glansandi pappír. Eftirfarandi er t.d. hægt að gera.

- Leggja litaglærur (sem glampar ekki) yfir blaðsíðu, glæran sé í þeim lit sem nemandanum finnst hjálpa sér best. Við það berast upplýsingar um aðrar taugaboðleiðir í heila en þegar skynjað er svart á hvítum fleti. Nemendur nefna oft að litir rói stafina, einn nemandi sagði að stafirnir færðust í sundur, væru ekki klesstir saman.
- Hægt er að prenta – ljósrita efni fyrir nemendur á litaðan pappír. Til er ljósritunarpappír í margvíslegum litum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í prófum þar sem kvíði og streita trufla einnig.
- Hægt er að aðstoða nemendur að finna heppilega leturstærð, lit á letri og bakgrunni á tölvuskjá. Það þarf oft að ýta við nemendum til að þeir aðlagi tölvuna að þörfum sínum.
- Margir nemendur tyna hvar þeir eru í textanum þegar þeir lesa. Hægt er að hafa blað fyrir ofan eða neðan þá línu sem verið er að lesa. Betra er að hafa hana fyrir ofan til að nemandinn þjálfist að horfa fram á við, skanna texta sem á eftir kemur. Til eru lítil glær spjöld með litaðri línu á einni hliðinni, sem er þá höfð við þá línu sem verið er að lesa. Einnig er hægt að klippa langt og mjótt op á pappír, sem nemandinn heldur þá yfir textanum og les það sem kemur fram í opinu.

Ýmis merki geta verið um of mikið álag á sjónina eða vandamál varðandi sjónskynjun t.d. höfuðverkur eða óþægindi í augum, sem vert er að bregðast strax við. Aðrar vísbendingar geta verið að nemandinn þarf að lesa sömu setningarnar aftur og aftur, fer línuvillt, sleppir úr línunum og orðum, verður að lesa með fingur á línu eða nota reglustiku undir línu til að vita hvar hann er að lesa.

Aðferðir við ferlun upplýsinga, geymslu og upprifjun – breyta orðum í myndir

Sjónrænir nemendur velja eðlilega sjónsköpun til að auðvelda ferlun og upprifjun upplýsinga. Það er á þessu stigi námsins sem hæfileikinn til sjónsköpunar, það að geta umbreytt orðum í myndir í huganum kemur mest að gagni. Það ætti að minna nemendur á fræðsluþætti í sjónvarpinu og hvetja þá til að skapa sína eigin fræðsluþætti í huganum. En hvernig er hægt að hvetja þá til þess?

- Hvetja nemendur að skoða vísindalega, náttúrlega eða sögulega atburði eins og þeir (nemendurnir) væru stjórnendur fréttapáttar um atburði líðandi stundar.
- Nemendur geta verið kvikmyndatökumenn, sem eru að festa á filmu áhugavert efni eins og eldgos og afleiðingar þess eða að fljúga yfir strandlengjur til að festa á filmu varnir nátturunnar gegn hafinu.
- Nemendur geta verið fréttaskýringarmenn sem eru að taka viðtöl við ýmiss konar fólk úr sögunni, til að átta sig á markmiðum þess og tilfinningum.
- Nemendur geta sett sig í spor eða ímyndað sig vera einhver sögupersóna, jafnvel hugsað sig sem frumu eða lært á röðina á reikistjörnum með því að vera ein þeirra. Þannig er hægt að tengja sjónsköpun við það að læra með hreyfingu eða virkni.

Það ætti alltaf að hvetja nemendur að gera hugarkort. Það getur verið ómetanlegt að gefa smástund í lokin að teikna hugarkort og styrkja þannig það nám sem farið hefur fram.

Það hentar þó ekki öllum nemendum að vinna á svo skapandi hátt. Sumir lesblindir nemendur leggja mjög bókstaflega merkingu í allar upplýsingar. Þeir geta orðið mjög undrandi og ráðvilltir yfir líkingum eða ef þeir eru beðnir að gefa gætur að einhverju sem er ekki beint tengt við það sem þeir eru að læra í augnablikinu. Ef þeir eru t.d. beðnir að ímynda sér að þeir séu að taka upp fræðslumynd þá vilja þeir fá í hendur vídeóupptökuvél. Þetta eru sömu nemendurnir sem eiga í erfiðleikum með að skilja orðatiltæki og málshætti, átta sig ekki á ályktunum og skilja alls ekki kaldhæðni. Það getur verið að þessir nemendur eiga auðveldast með að læra af myndum en það þarf að aðstoða þá vel til að þessi tækni nýtist þeim. Þessir nemendur eiga þó líklega auðvelt með að gera hugarkort.

Lykilatriði varðandi hugarkort

1. Byrja með meginhugmynd – lykilhugtak.
2. Ákveða formið á hugarkortinu – á það að vera eins og köngulóarvefur, eins og ættartré eða eins og fiskbein?

3. Notað eina grein fyrir hverja hugmynd eða atriði, hafa greinarnar í mismunandi litum. Það hjálpar nemandanum til að muna því hann getur séð fyrir sér litinn sem er tengdur við minnisatriðið.
4. Notað tákn og myndir hvenær sem hægt er. Ef orð eru notuð þá að hafa þau sem fæst og tengja helst við mynd.
5. Teikna myndir sem eru lýsandi fyrir flokk hugtaka.
6. Notað minnistákn til að muna list t.d. mynd af upphafsheitum til að muna atriði t.d. mús = magníum, úraníum, sink.
7. Notað tákn og merki til að sýna fram á tengsl.
8. Teikna mikilvæg atriði í þrívídd.

Til eru ýmis ágætis tölvuforrit til að gera hugarkort. Eitt þeirra er Inspiration sjá vefslóð <http://www.inspiration.com/Educators>

Inspiration er mjög viðurkennt forrit sem gefur notandanum tækifæri að gera mjög myndræn hugarkort þar sem hægt er að velja á milli á annað þúsund mynda. Hægt er að velja mismunandi form á hugarkortin, þeim fylgir líka talgervill sem les reyndar bara á ensku. Hægt er endurskipuleggja, skrifa glósur á bak við hugtökin og síðast en ekki sístur er möguleikinn að tala inn á hugarkortin. Hægt er að taka upp um 1 mínútu tal á bak við hvert hugtak og síðan hlusta á eftir þörfum. Þetta hugkortaforrit er algjör snilld, það tekur dálítinn tíma að átta sig á því en síðan er það mjög auðvelt í notkun. Hægt er síðan að prenta út glósur í venjuleg word skjali. Kidspiration er ætlað fyrir yngri nemendur.

Verkefnalausnir býður upp á forritið MindManager sem nýtist vel bæði við nám og skipulag á vinnustöðum. Upplýsingar má finna á vefslóðinni <http://verkefnalausnir.is/>

Góðar leiðbeiningar um gerð hugarkorta eru í bókinni *Hugarkort* eftir Hróbjart Árnason og á <http://skolastarf.blogspot.com/2006/09/hugarkort-freemind.html> eru upplýsingar um Freemind (ókeypis hugarkort) og leiðbeiningar Salvarar Gissurardóttur um gerð hugarkorta.

Stuðningur við að vinna upplýsingar úr texta

Sjónrænir lesblindir nemendur geta átt í miklum erfiðleikum með að vinna þekkingaratriði úr texta, jafnvel þó að hann sé lesinn fyrir þá. Ýmsar leiðir eru til að þjálfna nemendur frá því að vera óvirkir lesendur til að vera virkir í úrvinnslu texta.

- 1. Mikilvægt er að nemendur skoði fyrst texta, lesi fyrirsagnir, millifyrirsagnir og myndir til að gera sér mynd af innihaldinu. 2. Nemendur velti fyrir sér hvað þeir

viti nú þegar um efnið, um hvað er textinn? Setji fram spurningar til að leita svara við. 3. Nemendur lesa síðan textann og finna svör við spurningum. Nemendur finna aðalatriðið í málsgrein, strika yfir með yfirstrikunarpenna í lit eða undirstrika, merkja við eða skrifa á sérstakt blað eða glósubók. Við lok hverjar málsgreinar stansa nemendur og íhuga hvað þeir hafa lært, svara spurningunni „hvað lærði ég?“.

- Óöruggir lesendur geta undirbúið sig með því að gera glósuramma áður en þeir byrja að lesa. Einfaldasta leiðin er að telja fjölda málsgreina eða efnisgreina sem þarf að lesa og búa til það skipulag sem hentar nemandanum best. Hægt er t.d. að gera ramma fyrir hverja málsgrein eða hugarkort með jafn mörgum greinum og málsgreinarnar í textanum eru.
- Mörgum lesblindum nemendum vex í augun langur texti, jafnvel þó að kennara þyki textinn vera stuttur. Nemendur geta skipt textanum niður sjónrænt með því að draga línur í lit kringum málsgreinar eða milli þeirra. Nemendur ættu einnig að merkja við þegar þeir hætta að lesa eða taka hlé á lestri. Það eru til miðar (pagemarker) í margvíslegum litum sem hægt er nota til merkingar.
- Nemendur sem eru óöruggir hvað varðar lesskilning og minni ættu að stoppa við lok málsgreinar og rifja upp þekkingaratriðin. Sjónrænir nemendur ættu að reyna að skapa sjónmynd (sem jafnvel er hægt að taka upp lýsingu á) eða að reyna að sjá sjálfan sig í þeirri aðstöðu sem verið er að lýsa í námsefninu.
- Hlustun. Það er yfirleitt ætlast til að nemendur fylgist með í texta þegar verið er að lesa fyrir þá eða þeir eru að hlusta á hljóðbók. Sumir nemendur geta þetta og merkja þá við lykilatriðin og geta skapað sér sjónmyndir af innihaldinu. Öðrum nemendum finnst vonlaust að umskrá texta á þeim hraða sem hann er lesinn, þeir stressast yfir því að missa þráðinn og ná ekki merkingunni. Fyrir þessa nemendur er betra að hlusta eingöngu en frekar skrá eða teikna meginatriðin á blað eða gera hugarkort eftir lestur. Það getur verið gott að þeim sé gefið tækifæri að meta hvernig form er best og undirbúa það fyrirfram.

Algengt er að sjónrænir lesblindir nemendur hafi lítinn orðaforða og eigi í erfiðleikum með að tileinka sér ný tæknileg hugtök.

- Skortur á orðaforða: Það eru meiri líkur á að sjónrænir nemendur muni ný hugtök ef þeir geta tengt orðin við myndir eða gert þau áþreifanleg. Þetta skiptir sérstaklega miklu máli í stærðfræði þar sem mikið er um óhlutbundin hugtök t.d. þegar verið er að fást við þyngd má benda á að eitthvað sé jafn þungt og poki af hveiti. Þegar verið er að tala um keilu þá er hægt að hugsa um ísform eða keilurnar sem notaðar eru til aðvörunar við vegavinnu.
- Sama gildir þegar verið er að læra ný tæknileg og líffræðileg hugtök. Ef nemandi getur tengt þessi nýju hugtök við sögur eða myndir er auðveldara að muna þau. Gott dæmi um slíkt eru hamar, steðji og ístað, hægt er að sjá fyrir

sér járnsmið berja ístað með hamri á steðja og af þessu verður mikill hávaði og þannig tengist það heyrninni.

Á heildina litið: Þegar verið er að nýta hæfileika nemenda til sjónsköpunar ættu kennarar að hafa eftirfarandi í huga:

- Hvetja nemendur að gera heimildamynd í huganum í öllum fögum.
- Breyta hugtakakortum í myndakort – nota myndir sem mest við gerð hugarkorta.
- Benda á lykilhugtök og tengja þau við myndir.
- Finna eða benda á yfirhugtök eins konar regnhlífahugtök í öllum námsgreinum og setja þau fram á myndrænan hátt.
- Hjálpa nemendum að vinna með texta og finna sjónræna framsetningu ritaðs máls.

Sýna fram á þekkingu – tjáning: munnleg og skrifleg

Hvenær sem hægt er ættu sjónrænir nemendur að fá tækifæri að sýna fram á þekkingu sína á sjónrænan hátt t.d. með veggspjöldum eða vídeómyndum.

Munnleg kynning á eigin verkefnum

Fyrir sjónrænan nemendur getur munnleg kynning á verkefnum verið mjög erfið. Þeir geta átt erfitt með að finna réttu orðin sérstaklega þó undir álagi. Fólk með dyslexíu á oft erfitt með einbeitingu og skammtímaminni og gleymir þar af leiðandi auðveldlega því sem það ætlaði að segja. Í umræðum er mikilvægt fyrir lesblinda að hafa á hreinu hvaða atriðið þeir vilja leggja fram í umræðuna því umræðuefnið getur breyst og tekið óvænta stefnu. Lesblindir nemendur eiga oft í erfiðleikum með sjálfvirkni í skipulagningu þannig að í umræðum geta þeir virst eins og úti á þekju en það er hægt að hjálpa þeim að þróa með sér munnlega færni.

- Sjáið til þess að nemendurnir skipuleggi vel kynningu sína. Ákveði framsetningu í samræmi við styrkleika sína.
- Sumum nemendum hentar vel að nota lítil númeruð spjöld með meginatriðum og þá gjarnan myndrænu tákni til að örva minnið. Spjöldin þurfa að vera númeruð ef nemandinn missir þau eða ruglar þeim saman, einnig er mikilvægt að nemandinn æfi sig að nota spjöldin. Slík spjöld fást í ýmsum litum í bóka- og ritfangaverslunum.
- Öðrum nemendum hentar vel að nota glærur og fartölvu, þá getur þeir fylgst með skjánum og talað út frá glærunum. Nemendur þurfa að æfa sig því þeir hafa tilhneigingu að lesa beint af glærunum og þá jafnvel af veggnum og snúa þar af leiðandi um leið baki í áheyrendur. Hægt er að nota minnisspjöld samhliða glærum.
- Sjónrænum nemendum finnst best að tala út frá myndrænum vísbendingum og ættu því að vanda val á myndum á glærum eða spjöldum.
- Kvíði – besta leiðin til að minnka kvíða er að vera vel undirbúinn, það er t.d. hægt að æfa sig á vinum og fjölskyldu. Nemandinn getur einnig nýtt slökunartæknina og séð sjálfan sig flytja verkefnið með góðum árangri.

Við kynningu ættu nemendur að hafa eftirfarandi í huga og er gott að kennari fari yfir þessi atriði ekki bara með lesblindum nemendum.

- Hvorki tala of hátt né of lágt.
- Halda áfram á jöfnum hraða.
- Halda augnsambandi við áheyrendur, líta til þeirra en ekki stara á einhvern einstakan.

- Eðlileg jákvæð svipbrigði eða svipbrigði í samræmi við viðfangsefnið.
- Örstutt hlé milli setninga en ekki löng hlé.
- Nota ákveðnar setningar eins og „mér finnst ..“, „ég tel að ...“, „að mínu mati ...“

Það er áreiðanlega mikilvægt að nemendur fái þjálfun í munnlegri kynningu í skólum sú færni á eftir að nýttast flestum í atvinnulífinu síðar meir.

Ritunarverkefni

Hvort sem sjónrænir nemendur eiga auðveldar með að skapa heildræna sýn eða vinna út frá smáatriðum þá hagnast þeir á að vinna skriflega verkefni út frá einhverjum viðmiðunarramma. Hvort sem þeir byggja á heildrænni sýn eða raðvinnslu þ.e. atriði tekin fyrir í ákveðinni röð. Sjónrænir nemendur eiga auðveldast með að vinna úr frá sjónrænum vísbendingum, skýringamyndum, ljósmyndum eða teikningum. Hægt er að nýta myndir sem minnistæki til að þjálfra hæfni að setja fram efni í skipulagðri rökréttri röð. Lesblindir nemendur hafa sýnt mikla frásagnarhæfni og sterkt ímyndunarafl þegar þeir hafa samið sögur út frá ljósmyndum eða teikningum. Ljósmynd af eldra pari sitjandi á bekk varð t.d. kveikjan að ítarlegri fjölskyldusögu með tilheyrandi ást og harmleik. Lesblindir rithöfundar eru þekktir fyrir myndræna frásagnargáfu eins og t.d. John Irving en nokkrar kvikmyndir hafa verið gerðar eftir bókum hans eins og the World according to Garp, The Cider House Rules og A Prayer for Owen Meany. Agatha Christie er annar lesblindur myndrænn rithöfundur sem vert er að minna á svo og Tarantino sem er þekktur sem handritshöfundur og leikstjóri. Meðal íslenskra nemenda felast áreiðanlega gullmolar verðandi höfunda ef þeim eru gefin næg tækifæri til að nýta sér hæfileika sína til sjónsköpunar. Íslenskukennarar þekkja margar leiðir til að hvetja og þjálfra nemendur sína í ritun en hér skal bent á tækni til að nota skynfærin og sjónrænar vísbendingar til að lýsa andrúmslofti og tilfinningum í smáatriðum.


Nota skynfærin

Þessi aðferð hefur reynst sjónrænum nemendum vel og þykir nemendum yfirleitt gaman að fara þessa leið í ritun.

Aðferð:

1. Hver nemandi skiptir A4 blaði eða A3 blaði upp í línur eins og hryggbeinum á fiski. Sjá mynd
2. Nemendur teikna tákni fyrir hvert skynfæri og hjarta fyrir tilfinningar.
3. Lengst til vinstri skrifa þeir hvar sagan gerist og aðstæður t.d. kirkjugarður að nóttu til, hrollvekjandi.
4. Nemendur verða að reyna að sjá fyrir sér aðstæður t.d. kirkjugarðinn. Á hverja línu við augabeinið skrifa þeir eitthvað sem þeir sjá í kirkjugarðinum.

5. Síðan færa þeir sig yfir að heyrnarbeininu. Hlusta á ímynduðu hljóðin í kirkjugarðinum og skrifa hvað þeir heyra í línurnar.
6. Þannig halda þeir áfram við hvert skynfæri og síðan skrifa þeir tilfinningar – líðan við hjartabeinið.
7. Nemendur geta rætt saman og miðlað því sem þeir skynja.
8. Sumir nemendur munu skrifa aðallega nafnorð, þá er æskilegt að fara yfir með þeim. „Þú sást tré, voru þau stór eða lítil?“ „hvernig voru lafin, hvernig var lyktin af trjánun?“
9. Nú hafa nemendur viðmiðunarramma til að skrifa út frá til að skapa nákvæma lýsingu. Þannig er hægt að æfa nemendur við ýmiss konar aðstæður t.d. sólarströnd í miklum hita eða snjóstorm uppi á heiði.



Mestur hluti þessarar greinar er lausleg þýðing eða endursögn 9. kafla „Images and visualisation“ bókarinnar *Dyslexia and Learning Style*. Höfundur er Tilly Mortimer, bókin kom út 2003 hjá Whurr Publishers Ltd. London.

Elín Vilhelmsdóttir